

Ed.

108. Frumvarp til laga

[106. mál]

um breytingu á lögum nr. 41 7. maí 1982, um breytingu á lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, nr. 45 frá 16. apríl 1971, ásamt síðari breytingum.

Flm.: Egill Jónsson, Salome Þorkelsdóttir.

1. gr.

4. gr. laganna breytist þannig:

1. Í stað „ $\frac{1}{2}\%$ “ í 2. tl. a komi: $\frac{1}{4}\%$.

2. Í stað „ 1% “ í 2. tl. b komi: $\frac{1}{2}\%$.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Liðlega tveir áratugir eru liðnir frá því að tekið var upp sem fastur tekjustofn til Stofnlánadeildar landbúnaðarins sérstakt gjald á framleiðslu- og söluvörur landbúnaðarins með það í huga að byggja upp traustan lánasjóð til stuðnings uppbyggingu í landbúnaði.

Á þessu tímabili hafa vextir verið fremur hagstæðir og lán allt fram til ársins 1976 óverðtryggð, en það ár var tekin upp 25% verðtrygging á almennum lánum til bænda, sem hækkaði árið 1978 í 33%, og árið 1979 var verðtrygging á almennum lánum til bænda að fullu upp tekin. Þá ákvörðun leiddi af störfum nefndar sem fengið var það verkefni að fjalla um málefni Stofnlánadeildar landbúnaðarins og bændasamtökin áttu aðild að.

Með bréfi til þáverandi forsætisráðherra 14. maí 1979, um samþykkt stjórnar Stofnlánadeildar landbúnaðarins á lánakjörum deildarinnar er fólu í sér fulla verðtryggingu, var eftirfarandi bókað:

„Samþykkt þessi var gerð með þeim fyrirvara, að lögboðnir tekjustofnar Stofnlánadeildar landbúnaðarins samkv. lögum nr. 68/1973 með breytingum nr. 60/1978 haldist óbreyttir.“

Af hálfu ríkisvaldsins hafa þessir fyrirvarar ekki verið virtir, eins og fram kemur þegar athugaðar eru þær skerðingar á lögboðnum greiðslum ríkissjóðs til Stofnlánadeildarinnar sem orðið hafa á síðari árum.

Árið 1979 nam skerðingin	0.81 millj. kr.
Árið 1980 nam skerðingin	4.49 millj. kr.
Árið 1981 nam skerðingin	9.10 millj. kr.
Árið 1982 nam skerðingin	11.30 millj. kr.
Árið 1983 nam skerðingin	19.65 millj. kr.

Alls 45.35 millj. kr.

Samtals skortir því **45.35 millj. kr.** til að fjárveitingar til Stofnlánadeildar landbúnaðarins hafi verið í samræmi við lagaákvæði þar um.

Með fullri verðtryggingu á almennum lánum Stofnlánadeildarinnar til bænda og niðurskurði á fjárveitingum til hennar eru forsendur fyrir búvörugjaldi til Stofnlánadeildar landbúnaðarins í raun brostnar.

Þessi skoðun hefur meðal annars komið fram hjá bændum og samtökum þeirra. Þannig segir t. d. í greinargerð fyrir ályktun Búnaðarþings um mál nr. 57 árið 1982: Frumvarp til laga um breytingar á lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins:

„Búnaðarþing telur hins vegar ljóst að lögin verði að endurskoða og breyta þeim, þegar greiðsluskylda deildarinnar á hluta ellilauna fellur niður, og verði framleiðendagjaldið þá fellt niður eða því ráðstafað til félagssamtaka bænda eða til styrktar landbúnaðinum á annan hátt.“

Með tilvísun til röksemdar Búnaðarþings er að þessu sinni lagt til að einungis helmingur búvörugjaldsins færist til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, þótt hins vegar liggi fyrir að ekkert samband var á milli álagningar þess í upphafi og þeirrar ákvörðunar, að Stofnlánadeild landbúnaðarins greiddi hluta af ellilífeyri bænda.

Til nánari skýringar er vísað til greinargerða er fylgja frumvörpum til laga um Framleiðnisjóð landbúnaðarins og jarðræktarlög.